

KIRKJUGARÐARÁÐ

104. fundur haldinn mánudaginn 11. apríl 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál kirkjugarða

Greining og tillögugerð. Drög að skýrslu. Fjármál kirkjugarða voru rædd og greint frá því að skýrsludrög Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings yrðu kynnt á aðalfundi KGSÍ og í framhaldinu rædd á fundi Kirkjugarðaráðs.

3. Fornminjasjóður

Auglýsing um styrkumsóknir. Guðmundur Rafn Sigurðsson óskaði eftir upplýsingum um sjóðinn.

Kristín Huld svaraði að sjóðurinn styrkti viðhald fornminja, þ.m.t. minningarmarka. Bæði einstaklingar og fyrirtæki geta sótt í sjóðinn.

4. Aðalfundur KGSÍ á Akureyri 4. maí 2013

Dagskrá aðalfundar var lögð fram.

5. Málefni kirkjugarða Lágafellssóknar

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Þórsteinn Ragnarsson kynntu umræður um hugsanlega sameiningu garðsins og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Sendu þarf erindi til Kirkjuráðs til að kanna hvort hægt sé að kaupa land undir kirkjugarð. Kynntar voru teikningar að fyrsta áfanga kirkjugarðsins.

6. Erindi til Umhverfisstofnunar vegna töku hleðsluefnis

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti erindi undirritað af honum og Kristjáni Inga Gunnarssyni skrudgarðyrkjumeistara til Guðbjargar Gunnarsdóttur þjóðgarðsvarðar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls með beiðni um töku hleðsluefnis í fjörunni á Malarrífi.

7. Munnleg fyrirspurn varðandi gjaldtöku við umsjón útfara

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti og nefndi að hann hefði óskað eftir formlegu erindi.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 13. maí kl. 13:00 – 16:00.

9. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 15:20.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari